

LISTIR

Rannveig Fríða Bragadóttir og Gerrit Schuil koma fram á síðasta Sunnudagsmatinée vetrarins

RANNVEIG Fríða Bragadóttir mezzósópransöngkona syngur með Gerrit Schuil píanóleikara á Sunnudagsmatinée í Ými í dag kl. 16. Þetta eru jafnframt síðustu tónleikarnir í tónleikaröðinni á þessum vetri.

Á efnisskránni verða sönglög eftir Mozart, Schubert, Mahler og Manuel de Falla, en auk þess frumflytja þau þrjú ný lög eftir Pál Pampichler Páls-son við ljóð eftir Wilhelm Busch.

Rannveig Fríða og Gerrit gáfu sér tíma frá æfingu í vikunni til að segja frá efnisskránni og samstarfi þeirra, sem hófst fyrir tilviljun norður á Akureyri. En forvitnilegast er að vita meira um ný sönglög Páls. Páll býr í Austurríki eins og Rannveig, þau hafa líka oft unnið saman, og Rannveig sungið verk eftir hann. Allsendis óstaðfest kjaftasaga segir að Páll hafi samið þessi lög við eldhúsbörð hjá Rannveigu. Hvað er hæft í henni?

„Já,“ segir Rannveig og hlær. „Páll kemur stundum að heimsækja mig, ég á voðalega stórt og mikið eldhúsbörð. Hann situr oft þarna og semur, samdi jafnvel part af fiðlukonsertinum sínum og ýmislegt fleira. Við, fjölskyldan, erum bara að sinna okkar verkum; elda og stússast og strákarnir að leika sér, en Páll situr bara og semur og lætur ekkert trufla sig. En ég held að þessi tilteknú lög hafi nú orðið til annars staðar. Páll kom til mín í desember með þessa erótísku ljóðabók Wilhelms Busch, en Busch

Samið við eldhúsbörð

var kallaður besti húmoristi Þjóðverja og teiknaði mikið af kaldhæðnum og skemmtilegum skopmyndum. Ljóðin eru erótísk, en þó ekki síður spaugileg og kannski svolítið skuggaleg. Við Páll hlógum mikið að þessum ljóðum og í febrúar og mars settist hann svo niður og samdi þessi þrjú lög.“

Gerrit segir að samstarf þeirra Rannveigar Fríðu hafi staðið allt frá árinu 1995. „Þetta var annað árið mitt á Íslandi; Rannveig kom með masterklassa og námskeið norður í Tónlistarskólann á Akureyri þar sem ég starfaði og þar hófst samvinna okkar. Kvöldið áður var hún með tónleika sem ég fór á og ég hugsaði með mér, jáhá, þessi söngkona er góð. Við spjölluðum saman eftir námskeiðið og ég sagði henni að ef það kæmi tækifæri, þá langaði mig að vinna með henni. Fyrstu tónleikarnir sem við unnum saman voru svo á Schubert-hátíðinni í Garðabæ 1997. Síðan höfum við unnið upp nýtt prógramm á hverju ári og gefið út tvo geisladiska. Það er spurning hvers vegna svona nær svona góðu samstarfssambandi. Þetta er eitthvað sem er ekki hægt að koma í orð, það var bara til staðar frá fyrsta skipti sem við hittumst. Það



Morgunblaðið/Ásdís

Rannveig og Gerrit í túnfætinum við Ými.

smellur eitthvað í samband og sálir okkar þekkjast um leið. Við erum aldrei að þrefa um tempó eða skýra út hvort fyrir öðru hvernig við viljum hafa hlutina, þetta kemur ósjálfrátt,“ segir Gerrit, og Rannveig Fríða tekur undir það:

„Áður en ég hlustaði í fyrsta skiptið á Ave María okkar á Schubert-

diskinum var ég sannfærð um að upptakan væri ekki nógu góð og við yrðum að gera hana aftur. Á einum stað hægði ég á einum tóni – ég man vel eftir þessu í upptökunni sjálfri – ég hafði aldrei gert þetta svona, en Gerrit fylgdi mér fullkomlega. Við höfðum aldrei talað um þetta og aldrei gert þetta svona, en þegar ég

heyrði það var ég alveg undrandi, því þetta kom svo vel út. Það er eins og það sé lína á milli okkar einhvers staðar í loftinu og þetta er svo mikilvægt í svona samstarfi. Ég hef oft unnið með píanóleikurum þar sem maður þarf að hafa mikið fyrir samstarfinu og það getur verið svo erfitt og þá liður manni ekki vel. Þetta er eins og í hjónabandi; það gengur ekki upp nema að samstarfið sé gott.“

Gerrit segir að það sem honum finnst mikilvægast að koma til skila á tónleikum, sé það sem hann kallar faktor X. „Þetta er eitthvað sem ekki er hægt að koma orðum að, eitthvað sem gerist bara og maður gæti kallað kraftaverk. En þetta gerist bara þegar maður vinnur með miklum listamönnum. Það eru margir góðir tónlistarmenn, sem eru ekki endilega góðir listamenn; þetta tvennt fer ekki endilega saman og á þessu er stór munur. Allt of margir hlaupa inn á sviðið og hafa svo hreinlega ekkert að segja. Það getur verið mjög gott og fagmannlegt, en án þess að segja manni nokkurn skapadán hlut. Fólk sem hefur ekkert að segja getur samt orðið miklu vinsælla en hitt. Þetta getur þó verið mjög hættulegt fyrir þroska þeirra sem hlusta, því þeir gætu farið að trúta því að þetta sé list, án þess að svo sé. Þetta á ekki bara við um Ísland, þetta er almennt um allan heim. Stjörnurnar eru ekki endilega besta listafólkið.“

Erling Blöndal Bengtsson á einleikstónleikum í Salnum

Gamli góði Bach

ERLING Blöndal Bengtsson leikur á einleikstónleikum í Salnum í kvöld kl. 20. Á efnisskránni eru fjögur einleiksverk, eftir Hindemith, Sibelius, Kodály og Bach. „Þetta eru fjögur mikilvæg tónverk,“ segir Erling Blöndal, „þau eru ólík, en öll mjög mikilvæg fyrir tónlistina og sellóðið.“

Erling Blöndal talar um Bach eins og góðan vin sinn. „Gamli góði Bach,“ segir hann. „Maður elskar alltaf það sem maður er að spila hverju sinni, en auðvitað verður maður aldrei leiður á Bach. Hann er grunnurinn að svo mörgu. Það er sama hvað maður spilar hann oft og lengi, maður er alltaf að uppgötva eitthvað nýtt. Ég get sagt þér það, að ég spila Bachsvítu á hverjum einasta degi. Það er bara svo gott. Það er ekki að undra áhrif hans, hann er að mínu mati besta tónskáld sem uppi hefur verið. Í sellósvítum, svo einfaldar sem þær eru nú, finnur maður allt sem maður vill hafa í tónlist; tækni og list og svo mikla músík. Þarna er al-



Erling Blöndal Bengtsson

heimurinn og erfitt að útskýra það. Ég spilaði Bachsvítu í fyrsta skipti tólf ára gamall og er enn að og mér finnst þessi endalaus ást á Bach og það að maður fær aldrei leið á honum sönnun þess hve hann var mikilvægur fyrir okkur.“

Þegar Erling Blöndal Bengtsson lék í fyrsta skipti á Íslandi var það í Gamla bíói. Hann lék líka oft í Austurbæjarbíói og svo hefur hann auðvitað að leikið margoft með Sinfóníuhljómsveit Íslands í Háskólabíói. En nú eru nýir tímar og ný hús. Fyrir tveimur árum lék hann í fyrsta sinn í Salnum og frumflutti þá með Kammersveit Reykjavíkur Erjur, sellókonsert eftir Atla Heimi Sveinsson.

„Salurinn er mjög gott tónleikahús, enda þannig hannað frá upphafi. Ég get ekki sagt annað en að Salurinn sé frábær viðbót við þau hús sem ég hef þegar kynnst hér og hlakka mikið til að spila þar aftur.“

Færeysk myndlist í Gallerí Fold

TVEIR Færeyingar, Olivur við Neyst og Anker Mortensen opnuðu málverkasýningu í Baksalnum í Gallerí Fold Raudarárstíg 14-16 í gær. Nefnist sýningin Úr frændgardí.

Olivur við Neyst stundaði nám við Listaakademíuna í Kaupmannahöfn 1975–81. Hann þykir meðal athyglisverðustu færeyskra myndlistarmanna af yngri kynslóðinni.

Anker Mortensen hefur vakið athygli, ekki síst í Danmörku, en þar hefur hann sýnt nokkrum sinnum. Þá hefur hann haldið einkasýningar í Noregi og á Grænlandi auk margra sýninga í Færeijum.

Verk Vigdísar Kristjánsdóttur í Rauðu stofunni

Þá var einnig opnuð sýning í Rauðu stofunni á verkum Vigdísar Kristjánsdóttur (1904–1981). Vigdís var einn fremsti listamaður okkar á sviði myndvafnaðar. Hún hélt fyrstu einkasýningu sína í Bogasal Þjóðminjasafnsins 1952 og sýndi þá bæði gobelinvefnað og olíumálverk.

Hún hélt nokkrar fleiri einkasýningar og tók þátt í enn fleiri sam-sýningum, aðallega hér á landi, en einnig á hinum Norðurlöndunum.

Vigdísar er aðallega minnst fyrir myndvafnað og textílvark. Þekkt-



Færeysku myndlistarmennirnir Olivur við Neyst og Anker Mortensen.

ustu verk hennar á því sviði eru tvö stór veggteppi sem hún óf eftir fyrirmyndum Jóhanns Briem listmálara.

Gallerí Fold er opið daglega frá kl. 10-18, laugardaga til kl. 17 og sunnudaga frá kl. 14-17. Sýningin stendur til 20. maí.

Listasafn Reykjavíkur undirbýr sýningar á Listahátíð

Í ÖLLUM þremur húsum Listasafns Reykjavíkur, Hafnarhúsi, Kjarvalsstöðum og Ásmundarsafni er hafinn undirbúningur að sýningum sem opnaðar verða á Listahátíð í Reykjavík sem stendur dagana 11.–31. maí.

Ásmundarsafni var lokað um síðustu helgi en þar er nú verið að vinna að breytingum og lagfæringum vegna sýningar sem verður opnuð 20. maí á afmælisdegi listamannsins, Ásmundar Sveinssonar. Sýningin ber yfirskriftina Listin á meðal fólksins. Sýningarstjórn er í höndum Hönnu Styrmsdóttur og Péturs H. Ármannssonar.

Í Hafnarhúsinu lýkur sýningunum Breiðholtið: byggt yfir hugsjónir og Aðföngum 1998–2001 í dag en leiðsögn verður um sýningarnar kl. 16. Í húsinu verða áfram uppi sýningarnar Erró og listasagan og sýning á verðlaunateikningum á vegum skipulags- og byggingarnefndar Reykjavíkurborgar. Vegna framkvæmda verður Hafnarhúsið lokað mánudaginn 6. maí.

Stærsti myndlistarviðburður Listahátíðar verður svo opnaður í Hafnarhúsinu sunnudaginn 12. maí kl. 15. Sýningin nefnist Mynd, íslensk samtímalist, en þar sýna nú starfandi listamenn verk af ólíkum toga í fjórum sölum hússins og í útiporti.

Listamennirnir sem verk eiga á sýningunni eru Anna Línadal, Birgir Andrésson, Bjarni Sigurbjörnsson, Guðjón Bjarnason, Jón Óskar, Margrét Blöndal, Ómar Stefánsson, Svava Björnsdóttir og Þorvaldur Þorsteinsson

Klukkan 18 sama dag verður frumflutt dansstuttmýndin Brakraddir eftir Helenu Jónsdóttur en myndin verður sýnd daglega milli 15 og 18 meðan Listahátíð stendur yfir.

Í Hafnarhúsinu verða einnig á sýningartímabilinu haldnir tónleikar með nýrri, íslenskrí tónlist undir yfirskriftinni Fyrir augu og eyru þar sem fram koma fjölmargir listamenn. Þá verður frumsýnd stuttmýnd eftir Þorfinn Guðnason 17. maí.

Á Kjarvalsstöðum lýkur sýningunni Félagar, afmælisýningu Myndhöggvarafélagsins í Reykjavík í dag en leiðsögn verður um sýninguna kl. 15.

Par er nú í undirbúningi, í samstarfi við Ljósmyndasafn Reykjavíkur ljósmyndasýningu Mary Ellen Mark, American Odyssey en sýningin verður opnuð í miðrymi hússins sunnudaginn 12. maí kl. 16. Mary Ellen Mark er bandarísk og var nýverið kjörin áhrifamesti kvenkyns ljósmyndari allra tíma af lesendum tímaritsins American Photo.

Gagnasafn Morgunblaðsins greitt með gsm

Nú geta þeir sem eru með gsm-síma frá Símanum greitt fyrir greinar og fréttir úr Gagnasafni Morgunblaðsins og gjaldið færast beint á símareikninginn.



mbl.is

Einfalt og þægilegt!

